

Alþingi
Erindi nr. P 127/1915
komudagur 15.4.2002

Umhverfisnefnd.

Umsögn Skotveiðifélags Íslands um frumvarp umhverfisráðherra til laga um Umhverfisstofnun, þingmál 711.

Skotveiðifélag Íslands fagnar frumvarpi um Umhverfisstofnun og telur það til mikilla bóta. SKOTVÍS telur þó að embætti Veiðistjóra ætti að vera í Reykjavík en ekki á Akureyri. Um 80% íslenskra skotveiðimanna búa á Reykjavíkursvæðinu, embættið þarf að hafa töluverð samskipti við stofnanir sem eru á höfuðborgarsvæðinu eins og t.d. Náttúrufræðistofnun, Umhverfisráðuneytið og embætti Ríkislögreglustjóra. Skotveiðifélag Íslands hefur í raun hér í Reykjavík orðið að sinna ýmsum störfum sem falla undir embætti Veiðistjóra. Það eru því engin rök sem mæla með því að embætti Veiðistjóra sé á Akureyri. Þá þarf að skilgreina betur stöðu veiðistjóra innan Umhverfisstofnunar. Þá teljum við brýnt að þessi embættismaður haldi titlinum Veiðistjóri þar sem embættið hefur nokkra sérstöðu. Við teljum að meðal þeirra verkefna sem Veiðistjóraembættið sinnir í dag mætti bjóða út og fela öðrum. Í því sambandi mætti nefna námskeiðahald og útgáfu veiðikorta. Skotveiðifélag Íslands er tilbúið til að sjá um veiðinámskeiðin, veiðistjóri yrði þá fyrst og fremst eftirlitsaðili, þá gæti félagið séð um útgáfu veiðikorta. Þess má geta að á norðurlöndunum sjá skotveiðifélögin einmitt um þessa verkþætti.

Fyrir hönd stjórnar Skotveiðifélags Íslands
Sigmar B. Hauksson
formaður SKOTVÍS